

014/00 - Bv. Gnúpur GK-11

Gnúpur GK-11, skipverji slasast við hífingu í gils

Bv. Gnúpur GK-11

Skipaskr.nr.: 1579

Smíðaður: í Noregi 1981 úr stáli

Stærð: 627,84 brl; 1.141,00 bt

Lengd: 68,20 m **Breidd:** 10,20 m **Dýpt:** 6,81 m

Vél: MAK 2.355,00 kW **Árgerð:** 1981

Annað:

Földi skipverja: 26



Gnúpur ©Jón Sigurðsson

Atvikalýsing

Hinn 28. nóvember 1999 var bv. Gnúpur GK-11 á siglingu áleiðis á miðin út af Vestfjörðum. Veður: austan 4 vindstig.

Skipverjar voru að yfirfara veiðarfæri (botnvörpu). Voru þeir að hífa til veiðarfærið þegar gilskrókur festist í netinu á flottrollstromlunni. Einn skipverja fór til þess að losa krókinn úr netinu og ætlað í að stýra króknum svo að hann festist ekki í netinu. Skipverjinn taldi sig hafa losað krókinn úr netinu þegar híft var í gilsinn. Við hífinguna klemmdist fingur á milli króksins og netsins og flettist hold af beini og hann brotnaði.

Hlúð var að hinum slasaða um borð og skipinu snúið til Patreksfjarðar þar sem honum var komið undir læknishendur.

Við rannsókn kom fram

- að slasaði sagði að skipverjar hefðu verið að spara sér það að færa stroffuna til á belgnum en gilsinn og gilskrókurinn lögðust ofan á veiðarfærið á flottrollstromlu og dróst eftir því þegar híft var.

Nefndarálit

Nefndin telur að koma hefði mátt í veg fyrir slysið ef notaður hefði verið stuttur tógspotti sem settur hefði verið á krókinn meðan þurfti að halda við hann eða að færa stroffuna til á belgnum.